

## Eldhindrandi þakklæðning, T

Í grein 151.1 í byggingarreglugerð segir:

*“Þakklæðning skal flokkast a.m.k. sem  $B_{(roof)}$  ( $t_2$ ) samkvæmt ÍST EN 13501-5. Brunamálstofnun setur nánari leiðbeiningar um fyrirkomulag og frágang þakklæðninga.”*

### Viðmiðun:

Dæmi um brunatæknilega heppileg þakefni:

**a.** Klæðningar úr óbrennanlegum efnum.

Dæmi:

1. Málplötur.

2. Þakskífur úr steini, steinsteypu, brenndum leir o.s.frv.

**b.** Þakpappi (yfirlagspappi) á óbrennanlegu undirlagi eins og t.d. steinsteypu eða steinull.

**c.** Þakpappi (yfirlagspappi) á undirlagi úr spónasteypu.

**d.** Þakpappi (yfirlagspappi) á undirlagi úr nótuðum borðviði, spónaplötum eða krossviðsplötum.

Með þakpappa er hér átt við eitt eða tvö lög af þakklæðningu sem er gerður úr oxuðu bitumen eða SBS (styren butadien styrencopolymer) unnu bitumen.